

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Teigahverfi norðan Sundlaugavegar – Laugarnesvegur 74A/Hrísateigur 47 – USK25030163.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 11. desember 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan Sundlaugavegar vegna lóðanna nr. 74A við Laugarnesveg og nr. 47 við Hrísateig. Í breytingunni felst að heimilt verði að hækka húsin í þrjár hæðir ásamt því að byggja við Hrísateig 47, suðaustanmegin, allt að þrjár hæðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgahverfi, A hluti – Vættaborgir 18-20 – USK25050291.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 22. desember 2025, breytingu á deiliskipulagi Borgahverfis, A hluta, vegna lóðarinnar nr. 18-20 við Vættaborgir. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til suðurs að hluta. Um er að ræða stækkun vegna viðbyggingar við bílskúrshluta byggingar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskóli Íslands – Vísindagarðar – Kristínargata 3 – USK25100298.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 4. febrúar 2026, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðarinnar nr. 3 við Kristínargötu. Í breytingunni felst að hámarkshæð byggingar á lóð er hækkuð, heimiluðum A m² ofanjarðar og neðanjarðar er fjölgað á kostnað B m², byggingarreitur neðanjarðar stækkar út að Torfhildargötu til samræmis við kjallara Kristínargötu 1. Tekið er fram að rampur Grósku og bílastæði verða samnýtt milli lóða og gögn um bílastæðabókhald lögð fram til stuðnings hinu síðarnefnda. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 19. febrúar 2026.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 5. mars 2026